

Kennarar: Guðlaugur Ómar Guðmundsson

Tímafjöldi: 1

Kennslufyrirkomulag: Tónlistarstofa.

Bekkur: 5. bekkur

Tónmennt
<p>Tónlist er leið til sköpunar og tjáningar og getur verið án orða. Í tónmennt fá nemendur tækifæri til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi í gegnum tónlist, með hlustun, söng og samspili. Tónlistin er félagsleg og getur verið notuð sem afl til að sameina hópa. Í tónmennt fá nemendur að kynnast hinum ýmsu hljóðfærum, tækjum og tólum sem notuð eru til að miðla tónlist, ásamt því að koma sínum skoðunum og túlkun á efninu á framfæri. Reglulega fara nemendur í hópeflis- og spunaleiki til að styrkja samskipti og tjáningu.</p>

Tónmennt			
Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið:	Leiðir:
Líkaminn Rödd Látbragð Einbeiting Samvinna Hreyfing Dans Hlustun	- Hljóðfæri - Efni af vef - Frá kennara	- Greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun. - Tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það. - Greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni. - Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra. - Greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana. - Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk. - Greint og útskýrt samhengi tónlistar	-Leikir -Söngur -Just dance. Dansi verður varpað á skjá þar sem nemendur hreyfa sig eftir fyrirmynd -Upplýsingatækni, forrit og fl. -Hljóðfæri - hreyfidansar með tónlist t.d hókí pókí, Fugladansinn, súperman, höfuð herðar, hné og tær Ýmsir hópeflis- og spunaleikir

		og ólík tónlistarstílbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr	
Námsmat: Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti			